

<b>Dags eftirlits</b>	17.5.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Rio Tinto á Íslandi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Straumsvík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6804660179	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jakob Sæternes	<b>Staðsetning</b>	352084,248 397144,812

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór eftirlit með starfsleyfi álvers ÍSAL í Straumsvík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Mæliáætlun (gr. 3.1 í starfsleyfi)
- Rekstur kerskála
  - Flutningur hráefna til kerskála (gr. 3.2)
  - Kerrekstur (gr. 3.5, 3.6, 3.7)
- Kælikerfi og kælivatn (gr. 3.19 og 3.20)
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg – kynning
- Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar – kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð í kerskála

Samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi skal mæliáætlun liggja fyrir vegna mælinga sem gera þarf vegna þeirra atriða sem koma fram í starfsleyfum og viðaukum þess. Farið var yfir mæliáætlun sem rekstraraðila hefur sent inn til stofnunarinnar. Rekstraraðila var bent á að uppfæra mæliáætlunina þannig að einnig komi fram þær mælingar sem fara fram á átta ára fresti á ryki, PAH efnun, PCDD/F efnun, NOx og þungmálmum, sbr. gr. 4.5 og viðauka 9 við starfsleyfið.

Mat vegna heildarlosunar efna, sbr. gr. 4.5 í starfsleyfi, fór fyrst fram 2022 og fyrstu mælingar vegna þessa fara fram 2023 og síðan á átta ára fresti í samræmi við ákvæði starfsleyfisins. Aðferðarfræði við mat á heildarlosun efna skal borin undir Umhverfisstofnun til samþykkis, rekstraraðili lagði fram áætlun um aðferðarfræðina þann 21. nóvember 2022. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við aðferðarfræði rekstraraðila við mat á heildarlosun efna.

Samkvæmt gr. 4.3 í starfsleyfi, sbr. BAT 10, skal rekstraraðili vakta efni í frárennsli, sbr. viðauka 8 við starfsleyfið, a.m.k. einu sinni í mánuði. Hægt er að aðlaga tíðni vöktunar ef gagnaraðir sýna með skýrum hætti að losunin er stöðug. Rekstraraðili hefur lagt fram gagnaraðir fyrir tímabilið 2007-2022 og sýndu niðurstöður mælinga að styrkur áls og flúoríðs hafa verið undir viðmiðunarmörkum. Svifagnir hafa einu sinni farið yfir viðmiðunarmörk á tímabilinu. Rekstraraðili hefur óskað eftir því að tíðni sýnatöku verði minnkuð í ársfjórðungslega í stað mánaðarlega og hefur Umhverfisstofnun fallist á það.

Einnig var rætt um nokkur atriði sem rekstraraðili telur vera óljós í starfsleyfi og var niðurstaðan sú að rekstraraðili mun senda erindi til stofnunarinnar vegna þessa.

Farið var yfir rekstur kerskála. Rekstraraðili kynnti rekstur kerskála, þ.m.t. flutning hráefna, mötun á ker, val á forskautum, verklag við skautskipti o.þ.h. Einnig var rætt um kælikerfi álversins, kælivatn og losun þess í fráveitu.

Umhverfisstofnun kynnti nýjan gagnagrunn um mengaðan jarðveg sem stofnunin hefur komið upp í samræmi við rg. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Jafnframt var kynnt ný gjaldskrá stofnunarinnar og áhættumat rætt.

## ANNAD

Fyrir eftirlitið fór fram samráðsfundur ÍSAL, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits, sbr. gr. 2.2 í starfsleyfi.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.05.2023



---

Sigríður Magnúsdóttir